



# Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytis

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstrarátætlun.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.2.1	Eftirlitsumhverfið .....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Umfjöllun .....	7
5.2.1	Ferðakostnaður.....	7
5.2.2	Frágangur risnureikninga .....	7
5.2.3	Opinber innkaup .....	7
5.2.4	Vörslureikningur .....	7
5.3	Niðurstöður/ábendingar .....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Tekjur .....	8
6.2	Laun.....	8
6.2.1	Innra eftirlit með launum.....	8
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	8
6.4	Niðurstöður/ábendingar .....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
7.1	Eignir .....	10
7.1.1	Ríkissjóður.....	10
7.1.2	Viðskiptakröfur .....	10
7.1.2	Vörslufé.....	10
7.1.3	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir .....	11
7.2.1	Eigið fé .....	11
7.2.2	Viðskiptaskuldir.....	11
7.3	Niðurstöður/ábendingar .....	11
8	Önnur atriði .....	12
8.1	Samþykkt ársreiknings .....	12
8.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur þar sem við á.

Litið er á endurskoðun aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem áframhaldandi verkefni þar sem ársreikningur stofnunarinnar hefur verið árlega til skoðunar.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Niðurstöður endurskoðunar voru að stærstum hluta án athugasemda. Eftirfarandi athugasemd er gerð um vörslureikning.

### 1. Athugasemd um vörslureikning

Færslur á vörslureikningi voru ekki í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins, sbr. kafla 5.3.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ársins 2016 nam 1.261,0 m.kr. Fjárhæðin hækkaði um 27,8 m.kr. sem var millifærð af fjárlagaliðunum *09-989 Ófyrirséð útgjöld* 16,3 m.kr., *09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir* 5 m.kr. og *03-199 Ráðstöfunarfé* 3,5 m.kr. Millifærsla í fjárukalögum 2016 nam 3 m.kr.

Fjárheimildir ársins námu 1.288,8 m.kr. Tekjuafgangur 2016 nam 746 þús.kr. samanborið við 8,4 m.kr. tekjuafgang árið á undan.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-70.300	-70.300	-103.157	32.857	-85.896
Launagjöld	777.500	796.800	923.373	-126.573	824.558
Önnur rekstrargjöld	533.700	533.700	448.827	84.873	422.528
Eignakaup	17.400	17.400	17.242	158	10.791
Tilfærslur	2.700	11.200	1.769	9.431	3.611
<b>Samtals</b>	<b>1.261.000</b>	<b>1.288.800</b>	<b>1.288.054</b>	<b>746</b>	<b>1.175.593</b>

### 3.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun aðalskrifstofu ráðuneytisins fyrir 2016 var gerð og skráð í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. Áætlunin var í samræmi við fjárheimildir og markmið um að skila rekstrinum í jafnvægi. Rekstraráætlun er mánaðarlega borin saman við rauntölur með rekstrarstjóra og leitað skýringa á frávikum. Öll frávik eru tekin til athugunar.

Hagnaður varð af rekstri aðalskrifstofu árið 2016 um 746 þús.kr. Tekjur voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir en rekstrargjöld svipuð og fjárheimildir. Eigið fé var jákvætt um 16,7 m.kr. í árslok.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Utanríkisráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við endurskoðun hefur áður komið fram að utanríkisráðuneytið er með fastmótað starfaskipulag og skipurit. Ráðuneytið er með skriflegar verklagsreglur sem koma fram í fyrirmæla- og leiðbeiningabók. Umsjón og ábyrgð með bókhaldi og starfsmannahaldi er vel skilgreind og afmörkuð. Fjárhagskerfi ríkisins (Orri) eru notuð fyrir bókhalds- og launavinnslu. Enn fremur er stofnunin í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

#### 4.2.1 Eftirlitsumhverfið

Skilgreining ábyrgðarsviða er samkvæmt gildandi lögum nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Enn fremur er ráðuneytið með siðareglur, skriflega starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun. Fyrri endurskoðun hefur leitt í ljós jákvætt viðhorf til innra eftirlits hjá ráðuneytinu og vilja til að vinna að úrbótum þar sem þess gerist þörf.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmat fyrirmæli, starfsvenjur og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstrarafkomu í kafla 3.

### 5.2 Umfjöllun

#### 5.2.1 Ferðakostnaður

Stofnunin er með skriflegar reglur vegna ferðalaga erlendis. Gengið er frá ferðaheimild áður en ferð er farin. Farið er eftir reglum Fjársýslu um eftirlit með ferðakostnaði. Við uppgjör á ferðakostnaði er notað eyðublað Fjársýslu ríkisins.

Úrtakskönnun leiddi einnig í ljós að farið er eftir reglum Fjársýslu í sambandi við útfyllingu eyðublaðsins um ferðakostnað og færslur eru í samræmi við það. Afrit farseðils var hins vegar ekki alltaf skannað með fylgiskjölum um dagpeninga og brottfararspald var ekki með.

#### 5.2.2 Frágangur risnureikninga

Frágangur á risnureikningum reyndist vera í samræmi við reglur um risnuhald hjá ríkisstofnunum.

#### 5.2.3 Opinber innkaup

Utanríkisráðuneytið er með skriflega innkaupastefnu og reglur um innkaup frá 2014. Ljóst er að ráðuneytið þarf að uppfæra reglurnar miðað við ný lög og má þar nefna lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og lög um opinber fjármál 123/2015.

#### 5.2.4 Vörslureikningur

Um er að ræða bankareikning í evrum sem geymir hlutdeildargreiðslu Noregs í samkomulagi vegna samnings milli Íslands og Noregs á sviði norðurslóðamála. Löndin fjármagna sameiginlega tiltekin verkefni samkvæmt samningnum.

Vörslufé á að færa í bókhaldi þeirra stofnana, sem eru með fé í vörslu sinni, utan hefðbundins reksturs og stemma af eins og almenna bankareikninga. Eðlilegt er að færa sérhverja færslu á bankareikningi sem tilheyrir vörslufé í fjárhagsbókhaldi.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Færslur á vörslureikningi voru ekki í samræmi við reglur Fjársýslu ríkisins.



## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Tekjur

Tekjur ársins námu 103,2 m.kr. en voru um 85,9 m.kr. árið á undan. Tekjurnar hækkuðu því um 20% milli ára. Um 86% tekna var kostnaðarhlutdeild milli fjárlagaliða ráðuneytisins hvað varðar húsnæðiskostnað, tölvuþjónustu og sameiginlega þjónustu. Einnig voru tekjur af seldu fæði og seldum bifreiðum. Tekjur aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins jukust vegna breytinga í stjórnskipulagi utanríkisþjónustunnar þegar Þróunarsamvinnustofnun var lögð niður 1. janúar 2016 með lögum nr. 122/2015 og sameinuð þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

### 6.2 Laun

Launakostnaður aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins án starfstengdra liða nam 916,8 m.kr. árið 2016 en var 817,1 m.kr. árið á undan. Hækkunin nemur 12,2%. Ársverk voru 74,6 á árinu 2016. Ársverkum fjölgaði milli ára um 1,7 sem er 2,3% aukning. Við endurskoðun var launalisti greindur og skoðaður fyrir 2016 og árið á undan.

Gerð var úrtakskönnun til að staðfesta að grunnlaun, launaflokkur og föst yfirvinna væru í samræmi við samninga og gildandi lagafyrirmæli. Kannaðir voru ráðningarsamningar eða skipunarbréf þar sem slíkt átti við. Einn ráðningarsamning vantaði en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er hann í forsætisráðuneytinu þar sem viðkomandi starfsmaður vann áður en hann kom til núverandi starfa. Einnig er rétt að nefna að það tók langan tíma að afla staðfestingargagna hjá ráðuneytinu vegna könnunarinnar. Varðveisla launagagna þarf að vera með þeim hætti að auðvelt sé að nálgast þau.

Að öðru leyti var niðurstaða úrtakskönnunar án athugasemda.

#### 6.2.1 Innra eftirlit með launum

Áður hefur verið staðfest með könnunum að gerðir eru skriflegir ráðningasamningar við alla starfsmenn sem starfsmannastjóri samþykkir. Verkaskipting er á milli skráningar á ráðningarkjörum og breytingar á þeim og launavinnslu. Skriflegt samþykki viðeigandi aðila innan ráðuneytisins eru fyrir launabreytingum. Samþykkt fyrirmæli eru til fyrir öllum breytingum í launakerfi. Rekstrarstjóri gerir samanburð á launakostnaði og rekstraráætlun.

### 6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 474,4 m.kr. árið 2016 og jukust um 6,8% frá árinu á undan. Við endurskoðun var gerð greining á kostnaðarliðum og helstu breytingum milli ára.

Risnukostnaður lækkaði milli ára sem skýrist einkum af hærri kostnaði árið 2015 í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Reykjavík. Einnig var starfsmannafélagið styrkt sérstaklega árið 2015 vegna fræðsluferðar til útlanda. Þá var reikningur vegna risnu ranglega færður á matvæli.

Húsaleiga hækkaði um tæplega 13% sem skýrist af endurskoðunarákvæðum í leigusamningi sem leiddu til hækkunar. Hækkun sérfræðiþjónustu skýrist af kostnaði vegna starfsmannamála, prófa, ráðgjafar o.fl. Hækkun liðarins sameiginlegur kostnaður skýrist að mestu af orlofsgreiðslum vegna starfsloka starfsmanns.

Afskriftir tapaðra viðskiptakrafna námu 13,6 m.kr. Voru þær staðfestar af Ríkisendurskoðun. Engar afskriftir voru árið á undan.

Ákvarðanir um innkaup ráðuneytisins og eftirfylgni eru á ábyrgð rekstrarstjóra. Skrifstofustjórar annast innkaup á sérfræðiþjónustu fyrir viðkomandi skrifstofu í samráði við rekstrarstjóra. Bókari hjá ráðuneytinu sér um að merkja reikninga og skrá í lánardrottnakerfið ef um er að ræða reikninga á pappír. Fjársýsla getur breytt bókun reikninga. Ef um er að ræða rafræna reikninga, er bókun þeirra í höndum Fjársýslu. Fjársýsla sér um að greiða reikninga. Yfirmaður bókhaldsteymis ásamt rekstrarstjóra sjá um að samþykkja reikninga.

Lögfræðikostnaður nam rúmlega 4 m.kr. árið 2016 sem er veruleg lækkun frá árinu á undan en þá nam kostnaðurinn 9,7 m.kr. Undanfarin ár hefur umtalsverður kostnaður verið vegna ESA dómstólsins og kostnaður sem tengist vörumerkjarétti.

## 6.4 Niðurstöður/ábendingar

Að öðru leyti en hér kemur fram var endurskoðun rekstrarliða án athugasemda.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 63,8 m.kr., skuldir námu 26,5 m.kr., eigið fé nam 16,7 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	35.916	6.305	29.611
Viðskiptakröfur	7.125	31.817	-24.692
Vörslufé	20.646	35.768	-15.122
Handbært fé	133	80	53
<b>Eignir alls</b>	<b>63.821</b>	<b>73.970</b>	<b>-10.149</b>
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	16.707	15.961	746
Viðskiptaskuldir	26.467	22.241	-10.896
Vörslufé	20.646	35.768	-15.122
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>63.821</b>	<b>73.970</b>	<b>-10.149</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Ríkissjóður

Greiðslustaða við ríkissjóð batnaði á árinu um 29,6 m.kr. sem skýrist einkum af breytingu á viðskiptakröfum.

#### 7.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 7,1 m.kr. í árslok 2016 en voru 31,8 m.kr. árið á undan. Við endurskoðun var farið yfir stöðu helstu kröfuliða í árslok. Í ljós komu fáeinar eldri kröfur sem ekki var búið að innheimta. Þó er ljóst að gert hefur verið átak í innheimtu krafna og gamlir liðir hafa verið afskrifaðir eins og fram kom í lið 6.3.

#### 7.1.2 Vörslufé

Staða vörslureiknings var ekki færð á rétt árslokagengi.

#### 7.1.3 Handbært fé

Handbært fé reyndist vera afstemmt í árslok.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Eigið fé

Eigið fé hækkaði sem nemur tekjuafgangi ársins.

### 7.2.2 Viðskiptaskuldir

Staðan í árslok var staðfest með úrtakskönnun.

## 7.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsreiknings var án athugasemda.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins sem er skýrsla í fjárhagskerfi ríkisins (Orra), var samþykktur af forstöðumanni og aðalbókara án fyrirvara þann 11. apríl 2017.

### 8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra rekstrarskrifstofu þann 9. janúar 2018.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur undirritaður óhæðisyfirlýsing þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins dagsett 12. maí 2017.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins var undirrituð af ríkisendurskoðanda og ráðuneytisstjóra 16. maí 2017. Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil stofnunarinnar



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)